

KÍSILL ehf.

MUR-SILAN

Lýsing

MUR-SILAN er vatnsfæla, 40% tær lausn af múnósílan, sem smýgur mjög vel inn í öll gljúp steinrík byggingarefni. MUR-SILAN binst steininum órjúfanlegum efnatengjum og gerir hann þannig mjög varanlega vatnsfælinn, án þess að hafa áhrif á rakaf lutning í loftkenndu ástandi og truflar því ekki rakaskipti steinsins við umhverfið. Prófað af Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins. Rannsókn Nr: H03/636

Notkun

MUR-SILAN er ætlað á múr, steinsteypu og önnur steinrík byggingarefni til að koma í veg fyrir vatnsupptöku slíkra flata. MUR-SILAN reynist sérlega vel við að hefta vatnsupptöku um háræðasprungur. Mála má yfir MUR-SILAN-borinn flöt með öllum hefðbundnum málningargerðum.

Notkunarleiðbeiningar

MUR-SILAN skal bera á hreinan og þurrkan flöt. Best er að nota úðasprautu (lágþrýsta) sem gefur jafna bunu. Á lóðréttan fleti er borið með því að sprauta þvert á þá ca. 40-60 cm breiðan flöt í einu. Byrja ætti neðst og vinna upp og metta flötinn sem borið er á. Einnig má nota pensil eða rúllu, en gæta þess að metta flötinn sem borið er á.

Varúðarflokkur: 1 – 2

Hreinsun: Áhöld skal hreinsa með terpentínu.

Þurrktími: Um einn dagur.

Yfirmálun: Mála má MUR-SILAN- borna fleti í flestum tilfellum eftir ca. 2 daga.

Virkt efni: Um 40% af rúmmáli

Efnisnotkun: Um 0,2 l/M² í umferð. Er þó breytilegt eftir gleypni flata.

Hitastig við notkun: Flöturinn skal vera vel yfir daggarmörkum lofts.